

**Breytingartillaga**  
**við tillögu til þingsályktunar um breytingu fasteignastefnu Þjóðkirkjunnar.**

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Í stað orðsins „kirkjumálasjóðs“ í fyrra kaflaheiti og 6.-8., 10.-12., 14.-16. og 18.-19. gr. fasteignastefnunnar kemur: Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.

2. gr.

2. gr. orðast svo:

Við 4. gr. fasteignastefnunnar bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo: Verkáætlun um umhirðu jarða Þjóðkirkjunnar skal vera í gildi á hverri tíð. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna skulu höfð til hliðsjónar eftir því sem við á og aðstæður leyfa.

Kirkjuráð skal leggja verkáætlun til samþykktar á kirkjuþingi.

3. gr.

4. gr. fellur brott.

4. gr.

5. gr. fellur brott að öðru leyti en því að í stað orðsins „kirkjumálasjóðs“ í fyrsta málslið 19. gr. í kemur Þjóðkirkjan-Biskupsstofa.

5. gr.

6. gr. breytist og orðast svo:

21. gr. fasteignastefnunnar orðast svo:

Þjóðkirkjan fjárfestir ekki í uppbyggingu landbúnaðarstarfsemi á jörðum í eigu Þjóðkirkjunnar, nema því aðeins að brýna nauðsyn beri til, lög mæli fyrir um, eða telja megi slíkt fjárhagslega hagkvæmt.

Fjárfestingar Þjóðkirkjunnar skal byggja á verkáætlun um umhirðu jarða hennar og fjárfestingarstefnu kirkjunnar.